

Grunnþættir og lykilhæfni á félagsvísindabraut

GRUNNÞÆTTIR OG LYKILHÆFNI HVERNIG UNNIÐ ER MEÐ GRUNNÞÆTTI OG LYKILHÆFNI

Læsi, tjáning og samskipti um tölur og upplýsingar:

- Mikið reynir á alla þessa þætti í fjölmörgum áföngum brautarinnar. Eitt skýrasta dæmið um það er lokaverkefni sem nemendur taka þegar hillir undir námslok. Í því eru gerðar kröfur um vinnubrögð á háskólastigi, þ.e. að nemendur séu læsir á upplýsingar frá ólíkum miðlum, geti nýtt sér margvíslega tækni í upplýsingaleit, geti aflað gagna, flokkað þau og nýtt sér upplýsingarnar á gagnrýninn hátt. Dæmi um hagnýtingu þessara atriða má m.a. sjá í eftirfarandi kjarnagreinum:
- Í stærðfræði er lögð áhersla á að nemendur læri talnameðferð
- Í félagsvísindum þurfa nemendur að geta lesið í tölfraðilegar, myndrænar og skrifaðar upplýsingar. Í FÉLA2KR05 safna nemendur tölfraðilegum upplýsingum frá samnemendum sínum, læra að lesa úr þeim og setja niðurstöðurnar fram á aðgengilegan hátt. Í félagsgreinum er markvisst unnið með tölfraðilegar upplýsingar og þá ekki síst myndrænar framsetningar á þeim. Farið er í helstu kosti og galla þannig framsetningar.
- Nemendur nota tölur og leitarvélar í verkefnavinnu á öllum þrepum í sálfræði. Stundum er unnið með efni líðandi stundar og þá reynir mjög á hæfni nemenda til að nota upplýsingatæknina og vega og meta gæði þess efnis sem unnið er með.
- Komu er inn á flesta þessara þátta í þjóðhagfræði. Nemendur nýta sér bækur, tímarit, dagblöð og tölur við leit að viðfangefnum. Fjárlagafrumvarpið og fleira efni frá Alþingi er notað af vefnum. Nemendur ná í hagtölur á vef Hagstofunnar og fjalla um þær í verkefnum þar sem þeir flokka þær, lesa úr þeim og túlka.
- Í efnafræði er gerð krafa um að nemendur geti farið með talnagögn sem tengjast efnafræði og sett þau fram á skilmerkilegan hátt. Nemendur verða læsir á táknmál efnafræðinnar.
- Í jarðfræði er mikið unnið með kort, myndefni og tölur. Kort eru mikið notuð til að staðsetja einstök fyrirbæri eða útskýra þróun, jafnt hefðbundin staðfræðikort sem þemakort svo sem jarðfræðikort, veðurkort o.fl.
- Í líffræði og umhverfisfræði eru algengar reikniáðferðir og tölfraði notaðar við lausn ýmiss konar verkefna. Framsetning og túlkun upplýsinga með hjálp tafna og línurita er æfð.

Námshæfni:

- Í skólanum er markvisst unnið að því að efla sjálfstæði nemenda í vinnubrögðum. Þeir læra að meta eigin vinnubrögð og annarra t.d. með sjálfsmati

og jafningjamati. Nemendur eru þjálfaðir í að setja sér raunhæf markmið í námi og vinna að þeim. Kennslu- og námsaðferðir eru fjölbreyttar og reyna á ýmsa hæfni. Sem dæmi má nefna spjaldaaðferð, hugkort, samvinnunám, uppgötvunarnám, einstaklingsvinnu, paravinnu, hópavinnu o.m.fl. Unnið er sérstaklega með styrkleika nemenda og hvernig megi efla þá. Eftir því sem lengra líður á námið eru gerðar meiri kröfur um að þekking og fyrri reynsla, bæði í viðkomandi grein og öðrum, sé nýtt við lausn nýrra viðfangsefna. Dæmi um hagnýtingu þessara atriða má m.a. sjá í eftirfarandi kjarnagreinum:

- Í nýnemafræðslu er áhersla á að nemendur átti sig á námskröfum skólans og geri sér grein fyrir kröfum skólastigsins. Nemendur eru aðstoðaðir við að átta sig á eigin vinnulagi, styrkleikum og veikleikum í námi og hvernig bæta megi árangur út frá styrkleikum hvers og eins. Lagt er upp úr því að veita nemendum innsýn í mismunandi námsaðferðir. Nemendur öðlast smám saman reynslu, þekkingu og skilning sem á að nýtast þeim til að efla styrkleika sína í námi og nota námstækni við hæfi í áframhaldandi námi.
- Í félagsvísindum er lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir sem kalla á fjölbreyttar námsaðferðir og gögn. Dæmi: Nemendur eiga að útbúa hugkort þegar þeir læra ný hugtök, notaðar eru heimildamyndir og ljósmyndir til að útskýra viðfangsefni. Hluti af námsmati er jafningjamat og stundum sjálfsmat.
- Sögunámið er sífelld áskorun við ný viðfangsefni og krefst þess að fyrri þekking og reynsla einstaklingsins bæði úr lífinu sjálfu og grunnskóla sé nýtt við lausn nýrra viðfangsefna og úrlausna. Hvað varðar ábyrgð á námi og skipulagningu vinnunnar þá krefst sögunám lesturs fræðitexta og skilnings á þeim. Heimanám og vinna krefst forgangsröðunar og skipulags.
- Í stærðfræðiáföngum þurfa nemendur að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og takast á við áskoranir í námi. Þeir þurfa stöðugt að meta eigið vinnuframlag og læra þannig að þekkja styrkleika sína og veikleika og setja sér raunhæf markmið.
- Í byrjunaráfanga í ensku skoða nemendur hvers konar námsaðferðir nýtast þeim best, lesa greinar um fjölgreind Gardners og taka netkannanir sem segja til um hvers konar námsmenn þeir eru. Með þessu verða nemendur meðvitaðri um eigin styrkleika og geta sett sér markmið í samræmi við það. Nemendur meta stundum eigið vinnuframlag, t.d. eftir kynningar.
- Í náms- og starfsvali er mikið lagt upp úr því í áfanganum að nemendur þekki leiðir til að átta sig á styrkleikum sínum og hvernig megi efla þá. Einnig er áhersla á að nemendur setji sér markmið til framtíðar sem tengjast námi og störfum.
- Í lokaverkefni er unnið að metnaðarfullu verkefni þar sem verulega reynir á námshæfni nemendanna. Þeir þurfa að nota fjölbreytt gögn, vera sjálfstæðir í vinnubrögðum, geta lagt mat á eigið vinnuframlag og tekist á við þá áskorun að vinna verkefni þar sem

vinnubrögðin eru í raun á háskólastigi.

Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar:

- Margir þættir í skólastarfinu flokkast sem skapandi starf, m.a. ýmislegt sem nemendur eru að fást við í félagslífinu svo sem leiklist, kórsöngur, skrif í skólablaðið o.m.fl. Einnig er hvatt til þess að nemendur njóti lista og menningar utan skólans á margvíslegu formi og má sem dæmi nefna að á hverju ári fara nemendur skólans saman á leiksýningu og flest ár er einnig farið á tónleika eða aðra listviðburði í nágrenni skólans. Í flestum námsgreinum reynir einnig á frumkvæði og skapandi hugsun og iðulega þurfa nemendur að sýna hæfni sína á þessu sviði í alls kyns verkefnum, kynningu á þeim og flutningi. Dæmi um hagnýtingu þessara atriða má m.a. sjá í eftirfarandi kjarnagreinum:
- Í ensku vinna nemendur skapandi verkefni þar sem þeir eru hvattir til frumleika. Þar má nefna sem dæmi leikþætti, ljóð, dagbækur og verkhöppur með teikningum og úrklippum, veggspjöld, smásöguskrif og margt fleira.
- Nemendur í félagsvísinda- og félagsfræðiáföngum hafa val um hvernig á að skila verkefnum t.d. á veggspjaldi, vefsíðu, í sendibréfi, myndbroti o.s.frv. Í FÉLA2KR05 er skoðað hvernig samfélagsþróun og menning birtist í byggingarlist. Einnig er farið í iðnvæðinguna og hvaða áhrif hún hafði á líf fólks og þar með listsköpun. Í FÉLA3MA05 (sérgrein brautar) geta nemendur valið hvernig afurð þeir skila inn eftir að hafa unnið rannsóknarverkefni. Nemendur hafa þannig skilað inn lagi og texta, flickrsíðu, myndbandi o.s.frv. Nemendur læra einnig hvernig mismunandi menningarsamfélög hafa notað listir til að tjá menningu sína og koma henni á framfæri.
- Listir og menning eru mun merkingarbærari fólki með þekkingu á sögu og þróun þjóðfélagsins. Í söguáföngum er stundum farið með nemendur á söfn og sýningar í þeim tilgangi að sýna söguleg áhrif á listir og menningu.
- Í sálfræði læra nemendur um gildi skapandi hugsunar við lausn félagslegra vandamála og almennt í samskiptum við annað fólk. Leitast er við að nýta listasöfn í nágrenni skólans og tengja sýningar við kennslu eftir því sem hægt er. Í SÁLF3GE05 (geðheilsu), sem er ein af sérgreinum brautarinnar, er nemendum beinlínis kennt að nota listir til geðræktar, bæði sem leið til tjáningar og að njóta lista.
- Þjóðhagfræðin fjallar um samfélags- og atvinnumál og setur þau m.a. í samhengi við menningu og listir.
- Í lokaverkefni reynir verulega á hagnýtingu þekkingar og skapandi hugsun nemendanna en einnig á siðferðilega ábyrgð í úrvinnslu verkefnanna.

Menntun til sjálfbærni:

- Í skólastarfinu öllu, jafnt í námi sem almennum rekstri skólans, er lögð áhersla á sjálfbærni og sjálfbæra

hugsun. Unnið er að því að nemendur verði virkir og ábyrgir borgarar bæði gagnvart samfélaginu og umhverfi sínu. Þessum þætti er einkum fylgt eftir af sjálfbærni- og umhverfisnefndum skólans. Dæmi um hagnýtingu þessara atriða má m.a. sjá í eftirfarandi kjarnagreinum:

- Sjálfbærni hefur þrjár stoðir, efnahags-, félags- og umhverfisstoð. Í félagsgreinanámi er lögð áhersla á að bera virðingu fyrir mannréttindum og umhverfi sínu. Nemendur fá fræðslu og vinna verkefni sem tengist ríkisfjármálum og hvernig stjórnvöld geta með pólitískum ákvörðunum haft áhrif á neyslu og umbúðir. Í byrjunaráfanganum öðlast nemendur skilning á sameiginlegri ábyrgð jarðarbúa á jörðinni og íbúum hennar. Þá vinna nemendur talsvert með hugtakið hnattvæðing. Þar er m.a. komið inn á að mengun eins samfélags getur haft víðtæk áhrif út fyrir landamæri þess. Til að skilja betur eigið vistspor og vistspor samfélaga og þjóða er sambúð manns og náttúru skoðuð út frá mismunandi menningarheimum.
- Í lesefni í ensku er fjallað um sjálfbærni, t.d. vistvæna orkunotkun og gera nemendur verkefni í tengslum við það.
- Í sálfræði læra nemendur um samskipti manns og náttúru. Fjallað er um áhrif mannsins á náttúruna og áhrif náttúrunnar á manninn.
- Í þjóðhagfræði er fjallað um efnahagsmál sem er ein af þremur grunnstoðum sjálfbærni. Þannig styrkir þekking og nálgun þjóðhagfræðinnar sjálfbæran hugsunargang nemenda.
- Í efnifræði læra nemendur grunnhugtök og aðferðir efnifræðinnar sem er þeim nauðsynlegt til að geta lagt mat á vistspor sitt og annarra. Þeir öðlast hæfni til að skilja hvernig náttúran virkar og gerir það þeim kleift að vera gagnrýnir á fréttir og upplýsingar og einnig að meta eigin áhrif og annarra á náttúruna.
- Í líffræði eru helstu auðlindir náttúrunnar kynntar, hvernig þær eru nýttar og fjallað um það sem betur mætti fara í því sambandi. Fjallað um takmörk jarðar og sameiginlega ábyrgð mannkyns varðandi framtíðina.
- Í jarðfræði er fjallað um sjálfbæra þróun, eðli hugtaksins og tilgang. Fjallað er um jarðfræðilega þætti í náttúrunni og með hvaða hætti þeir geta flokkast sem auðlindir. Jafnframt er skoðað með hvaða hætti er hægt að nýta þær og hvernig þær geta best nýst mannum. Lagðar eru inn forsendur og grundvallarþekking svo nemendur öðlist skilning og færni til að taka upplýsta afstöðu og þar með auka líkur á að þeir kjósi að haga lífi sínu með sjálfbærni að leiðarljósi.
- Í umhverfisfræði er fjallað um gildi umhverfis og náttúru. Helstu lögmál vistkerfa eru kynnt og staða manns í vistkerfi jarðar skoðuð í því samhengi. Farið er yfir helstu umhverfisvandamál sem ógna framtíð mannkyns. Fjallað er um hugtakið vistspor, um sjálfbærni og sjálfbæra framtíð. Nemendur reikna út vistspor og kynnast því hvernig menn og þjóðir geta breytt eigin vistspori. Í verkefnum í umhverfisfræðinni

er haft að leiðarljósi að auka skilning á sameiginlegri ábyrgð manna á framtíð mannkyns á jörðinni.

Læsi, tjáning og samskipti á erlendum tungumálum:

- Í skólanum er lögð áhersla á erlend samskipti og reynt að sjá til þess að sem flestir nemendur skólans eigi þess kost á námstíma sínum að taka þátt í nemendaskiptaverkefnum eða taka valáfanga sem ganga út á að undirbúa heimsóknir til annarra landa.
- Nemendur í dönsku eru hvattir til að tjá sig á tungumálinu um leið og þeir heyra dönsku talaða og gegnum vinnu með ýmsa texta er leitast við að auka orðaforða þeirra. Með lestri bókmennta og sérvalinna rauntexa öðlast nemendur innsýn í danskan menningarheim og hugsunarhátt. Danskt samfélag hefur lengur verið í mótun sem fjölmeningarsamfélag en hið íslenska og kemur það fram í textum sem lesnir eru í dönskunáminu.
- Í enskunámi eru nemendur þjálfaðir í að koma máli sínu á framfæri á ensku í ræði og riti. Með aukinni þjálfun verður mál þeirra blæbrigðaríkara og orðaforði fjölbreyttari. Nemendur þurfa að geta tjáð sig á ensku í umræðum, hópavinnu, fyrirlesturum o.fl. Þeir þurfa að geta skilið kennara, samnemendur, upplestra og allt talað mál. Farið er sérstaklega í akademískan orðaforða í fyrstu þremur áföngunum. Mállyskur og slangur eru til umfjöllunar í öllum enskuáföngum, svo og greinarmunur á formlegu og óformlegu máli. Í öllum enskuáföngum er leitast við að gera nemendur meðvitaða um menningu og siði sem einkennir þau landsvæði, þar sem tungumálið er talað.
- Í öllum frönskuáföngum þurfa nemendur að gera grein fyrir skoðunum sínum og taka þátt í samræðum á frönsku. Nemendur þurfa að tjá sig á frönsku í ræðu og riti.
- Í þýskunámi eru nemendur þjálfaðir í að tjá sig munnlega og skriflega á þýsku, með það að markmiði að auka sjálfstraust þeirra til þess að nota tungumálið á ólíkan hátt og við mismunandi tækifæri. Nemendur kynnast ólíkum textagerðum og vinna með textana á mismunandi hátt eftir tilgangi hverju sinni. Frá upphafi námsins er unnið að því að þýska sé samskiptamál í kennslustundum bæði milli nemenda og kennara og í samvinnu nemenda.
- Í mörgum öðrum greinum en tungumálum kynna nemendur sér ítarefni og nýta sér heimildir á erlendu tungumáli í tengslum við verkefnavinnu og fá þannig nokkra þjálfun í að lesa viðkomandi fagmál.
- Í lokaverkefnisáföngunum er gerð krafa um að nemendur nýti sér a.m.k eina heimild á erlendu máli og afli sér þannig upplýsinga sem birtar eru á öðru tungumáli en íslensku.

Heilbrigði:

- Í skólastarfinu er lögð áhersla á heilsusamlegan lífsstíl m.a. í tengslum við heilsuefandi skóla. Mest áhersla hefur verið á næringu og hreyfingu en einnig verður unnið að geðrækt og stuðlað að bættum

lífsstíl. Jafnt í námi sem skólastarfinu almennt er gengið út frá því að nemendur beri ábyrgð á sjálfum sér og eigin gjörðum. Dæmi um hagnýtingu þessara atriða má m.a. sjá í eftirfarandi kjarnagreinum:

- Í félagsvísindum er lögð áhersla á að nemendur kynnist félagslegum þáttum sem stýra hegðun og athöfnum einstaklinga. Í áföngunum er farið sérstaklega í mismunandi birtingarform ofbeldis. Í byrjunaráfanganum er reynt að kynjaskipta bekkjum til að ræða við nemendur um kynferðislegt ofbeldi, ofbeldi í nánnum samböndum og klámvæðingu. Einnig er fjallað um nauðsyn þess að setja sjálfum sér mörk og virða mörk annarra og mikilvægi þess að konur og karlar geti unnið saman gegn kynferðislegu ofbeldi. Í áfanganum er einnig fjallað um neyslu og fíkn.
 - Réttarsálfræði sem flestir taka (sérgrein brautar) snýst um geðheilbrigði og velferð en raunar með öfugum formerkjum, þ.e. þegar eitthvað fer úrskaiðis. Í áfanga sem fjallar um geðheilsu og er einnig sérgrein brautarinnar, læra nemendur um tengsl hugar og líkama. Þeir fræðast um geðheilsu, geðrækt og geðræn vandamál. Áhersla er lögð á að nemendur taki ábyrgð á eigin geðrækt.
 - Ábyrgð á sjálfum sér og eigin gjörðum er lykilþáttur í uppeldisfræði, sérstaklega hvað varðar heilbrigð og árangursrík samskipti. Kennnd er notkun ég-boða, virkrar hlustunar o.fl. sem nemendur geta nýtt sér í samskiptum við aðra.
 - Í þjóðhagfræði er fjallað um þjóðhagsleg áhrif af vali einstaklingsins sem hefur áhrif á heilsufar hans og annarra.
 - Í jarðfræði er rætt um að heilbriggt umhverfi og náttúra séu forsendur þess að við höfum aðgang að heilnæmum matvælum og virðing fyrir náttúrunni er einnig skilyrði þess að samfélög þróist og dafni.
 - Í líffræði er fjallað um grunnþarfir lífvera og komið inn á tengsl milli heilbrigðis og lífshátta, þar á meðal næringar. Fjallað er um lífverur sem valda smitsjúkdómum og gildi hreinlætis.
 - Í íþróttum er unnið að því að nemendur upplifi hreyfingu sem líkamlegan og andlegan styrk til að takast á við áskoranir daglegs lífs og lífsgæði aukist. Nemendur öðlast hæfni til að nýta sér þekkingu sína meðal annars til að takmarka kyrrsetu, auka hreyfingu á einfaldan og ódýran hátt, flétta líkams- og heilsurækt inn í daglegt líf og starf og meta hve mikið þeir hreyfa sig daglega og gera áætlanir um úrbætur ef þörf er á. Fjallað er um mataræði og hvað felst í hollri og góðri næringu og hver næringarþörf er með tilliti til vinnu og daglegrar hreyfingar. Einnig er rætt um neikvæð áhrif áfengis-, tóbaks- og lyfjaneyslu á líkama og heilsu.
 - Hluti af nýnemafræðslu er hópeflisæfing sem tengist eineltisáætlun Kvennaskólans.
-
- Þar sem skólinn leggur megináherslu á vinnu nemenda reynir mikið á alla þætti læsis, tjáningar og samskipta. Í námsskipulaginu felst að mikið reynir á

Læsi, tjáning og samskipti á íslensku:

samskipti og samskiptahæfni nemenda í alls kyns verkefnavinnu og einnig tjáningu bæði í rituðu og töluðu máli við kynningu niðurstaðna. Nemendur þurfa að geta svarað spurningum á málefnalegan hátt og rökstutt skoðanir sínar og niðurstöður í verkefnaflutningi. Dæmi um hagnýtingu þessara atriða má m.a. sjá í eftirfarandi kjarnagreinum:

- Í öllum íslenskuáföngum þurfa nemendur að gera grein fyrir skoðunum sínum og taka þátt í samræðum. Íslenskunám felur það í sér að nemendur þurfa að tjá sig í ræðu og riti. Með aukinni þjálfun verður mál þeirra blæbrigðarikara og orðaforði fjölbreyttari. Í öllum áföngum þurfa nemendur að flytja mál sitt og er það þjálfað markvisst í tjáningu.
- Í félagsfræðiáföngum eru umræðuverkefni mikið notuð til að fá nemendur til að taka þátt í samræðum. Nemendur gera munnlega grein fyrir niðurstöðum verkefna, bæði í formlegum kynningum eða samræðum þar sem þeir segja blaðlaust frá því sem þeir voru að vinna með, hver niðurstaðan var og hvaða skoðun þeir hafa.
- Í öllum söguáföngum eru læsi og tjáning í forgrunni. Í fyrstu skylduáföngum er meiri áhersla á lestur og skilning fræðilegra texta en í síðari áföngum bætist við áhersla á fallett og vel skrifað mál.
- Í inngangi að sálfræði læra nemendur um líkamstjáningu.
- Nemendur í þjóðhagfræði þurfa að geta tekið þátt í samræðum og undirbúið heimsóknir í stofnanir þar sem þeir ræða við sérfróða aðila um málefni er varða efnahags- og þjóðfélagsmál. Nemendur verða því að nota gott mál og fjölbreyttan orðaforða. Þeir lesa greinar í tímaritum og dagblöðum og rýna í fréttir sem fjalla um efnahagsmál. Þannig auka þeir skilning sinn á þeim orðaforða sem notaður er í þessu samhengi.
- Umhverfisfræði er að hluta til samvinnunám sem felst í að nemendur vinna í litlum hópum, hver og einn kynnir sér tiltekið efni og útskýrir fyrir öðrum í hópnum. Þeir þurfa jafnframt að hlusta á og tileinka sér efni sem aðrir hópfélagar útskýra.

Lýðræði og mannréttindi:

- Í skólanum er stuðlað að því að gera nemendur að virkum og ábyrgum þátttakendum í lýðræðissamfélagi t.d. með því að leita eftir viðhorfum þeirra til ákveðinna þátta í þeim tilgangi að bæta skólalífið. Á hverju ári er kennslukönnun lögð fyrir nemendur þar sem þeir láta í ljós álit sitt á skipulagi og innihaldi áfanga, námsefni og kennsluháttum. Reglulega eru lagðar fyrir þá viðhorfskannanir um afmarkaða þætti og niðurstöðurnar notaðar til þess að bæta það sem betur má fara. Leitað hefur verið eftir álitni nemenda á ýmsan annan hátt, m.a. með heimskaffi í tengslum við umhverfismál og sjálfbærni þar sem nemendur komu sér saman um forgangs röðun þeirra atriða sem þeim þótti brýnt að bæta. Að lokum má geta þess að nemendur eiga fulltrúa bæði í skólaráði og skólanefnd og leggja þannig sitt af mörkum við stjórnun skólans. Dæmi um hagnýtingu þessara

atriða má m.a. sjá í eftirfarandi kjarnagreinum:

- Í öllum áföngum félagsvísinda er lögð áhersla á mismunandi skoðanir fólks og reynt að finna hvaða lífsgildi liggja að baki afstöðu fólks til álitamála. Markmið með námi í félagsvísindum er að auka þekkingu nemenda á samfélaginu og félagslegu umhverfi, jafnframt því að auka skilning þeirra á stöðu sinni og annarra í þjóðfélaginu. Nemendur taka þátt í umræðum og leggja mat á hvernig umræðurnar ganga (e. Scored discussion). Nemendur meta sjálfir hvað einkennir góðar rökræður og útbúa matsblað í samvinnu við kennara. Þeir fá fræðslu um inntak barnasáttmála SP. Nemendur vinna ritunarverkefni þar sem þeir fá fullyrðingar sem þeir eiga að taka rökstudda afstöðu til.
- Hugmyndir um frelsi, lýðræði og þjóðfrelsi eru rauður þráður í sögunáminu. Mikil áhersla er á sífellt aukna lýðræðisþróun í heiminum og hvernig og hvar lýðræði og mannréttindi eiga undir högg að sækja. Í SAGA3ÍS05 er talsverðum tíma varið í umfjöllun um þróun hins alþjóðlega mannréttindakerfis og markvisst unnið með mannréttindi og mannréttindabrot.
- Í réttarsálfræði er sérstaklega tekið á jafnrétti, t.d. í forræðismálum og siðferðilegum álitamálum. Raunar er oftast tekið á þessum málum með öfugum formerkjum, þ.e. þegar eitthvað fer úrskaiðis.
- Í uppeldisfræði er fjallað um lýðræðishugtakið og mannréttindi í starfi með börnum. Áhersla á samskiptatækni og hvernig hægt er að ná árangri í samskiptum.
- Í jarðfræði eru umræður um atriði sem tengjast t.d. umgengni manns við náttúruna. Stundum er fjallað um siðferðileg álitamál og nemendur verða meðvitaðri um þær grundvallarreglur sem gilda í samskiptum, ekki síst hvað varðar auðlindanýtingu, almennar umgengnisreglur og tillitssemi. Þeir þurfa að rökstyðja skoðanir og afstöðu sína.
- Í umhverfisfræði þurfa nemendur að fjalla um siðferðileg álitamál í umhverfismálum. Nemendur nota þá þekkingu sem þeir hafa aflað sér til þess að taka rökstudda afstöðu til siðferðilegra spurninga og tjá sig um hana munnlega og í rituðu máli. Hér er haft að leiðarljósi að ýmis helstu deilumál í nútímaþjóðfélagi tengjast oft umhverfismálum og er þetta því góður undirbúningur undir þátttöku í lýðræðissamfélagi nútímans.
- Í náms- og starfsvali er fjallað um að öll störf krefjast virðingar svo lengi sem þeim er sinnt af trúmennsku og heiðarleika.
- Í lokaverkefnisáfangi þar sem nemendur skrifa heimildaritgerð þarf nemandinn iðulega að taka gagnrýna afstöðu til siðferðilegra álitamála í notkun heimilda og skrifum sínum yfirleitt. Í lokaverkefnisáfangi þar sem unnið er að rannsóknarverkefni þarf nemandinn/rannsakandinn að bera virðingu fyrir skoðunum annarra og lífsgildum þeirra og einnig að taka gagnrýna afstöðu til siðferðilegra álitamála sem upp geta komið í

rannsóknarferlinu.

Jafnrétti:

- Í skólastarfinu öllu er áhersla á jafnrétti sem fylgt er eftir með starfi jafnréttisnefndar skólans sem sér um að jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun skólans sé fylgt. Dæmi um hagnýtingu þessara atriða má m.a. sjá í eftirfarandi kjarnagreinum:
- Í umfjöllun um bandarískt samfélag í enskunámi er snert á þáttum eins og útlendingahatri, trúfrelsi, jafnrétti kynjanna, baráttu blökkumanna o.fl. Í umfjöllun um breskt samfélag er talað um stéttaskiptingu, innflytjendur o.fl.
- Í öllum áföngum í félagsvísindum er lögð mikil áhersla á jafnréttismál. Nám í félagsvísindum felur í sér að geta greint áhrif ýmissa þátta á líf einstaklinga og hópa, t.d. stéttar, trúarbragða, þjóðernis, kynhneigðar, litarháttar, búsetu o.fl. Hluti af jafnréttisnálgun í öllum áföngum félagsvísinda felst í kennsluaðferðum og kröfu um að nemendur sýni hver öðrum virðingu á sama hátt og kennarar koma fram við nemendur af virðingu. Þetta er gert markvisst meðal annars með þjálfun í rökræðum og öðrum verkefnum þar sem nemendur verða að virða tíma og skoðanir annarra. Í byrjunaráfanganum vinna nemendur hópverkefni um trúarbrögð þar sem þeir eiga að greina hvernig mismunandi trúarbrögð hafa áhrif á daglegt líf fólks. Í FÉLA2KR05 er staða mismunandi hópa (t.d. hvað varðar aldur, búsetu, fötlun, kyn, kynhneigð, litarhátt, lífsskoðanir, menningu, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni) skoðuð út frá sjónarhornum helstu kenningaskóla félagsvísinda.
- Jafnrétti er leiðarljós í öllum söguáföngum, einkum er áhersla á kynjajafnrétti en einng jafnrétti í víðasta skilningi orðsins. Sagan er vel til þess fallin að kenna og skapa umræður um jafnrétti hvort sem um er að ræða kynjajafnrétti eða jafnrétti minnihluta- eða jaðarhópa. Meðal dæma um efnistöð tengd jafnrétti er aðskilnaðarstefnan í BNA og S-Afríku, helförin og gyðingaofsóknir, staða kvenna innan þriðja ríkisins, kvennabaráttan á 19. og 20. öld, íslam í fortíð og nútíð svo fátt eitt sé nefnt.
- Í sálfræði er komið inn á stöðu kvenna í sálfræðinni samanborið við stöðu karla þegar litið er til sögunnar. Í umfjöllun um samskipti fólks er komið inn á jafnrétti milli hjóna bæði í gagnkynhneigðum og samkynhneigðum samböndum.
- Réttur og hagsmunir barna er þungamiðjan í byrjunaráfanganum í uppeldisfræði. Jafnrétti til náms, t.d. með tilliti til kyns, trúarbragða, ætternis o.fl., er skoðað í ljósi sögunnar. Áhersla er á áhrif fjölmiðla á mótun staðalmynda hjá börnum og unglingum.
- Í umhverfisfræði er fjallað um hugmyndir um jafnan rétt allra lífvera til gæða jarðar sem og hugmyndir um rétt náttúrunnar sjálfrar og hennar eigið gildi og um skyldur manna gagnvart komandi kynslóðum og gagnvart öðrum lífverum.
- Í náms- og starfsvali er bent á hvernig t.d.

staðalmyndir, fjölmiðlar, menntunartækifæri, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni geta skapað mismunandi tækifæri fyrir mismunandi einstaklinga.